

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1960 kemur ekki til framkvæmda ákvæði 3. málsg. 2. gr. laga þessara, heldur skal ráðuneytið afgreiða veiðileyfi svo fljótt sem verða má.

Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. málsg. 5. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi:
Þó má veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um ferskfiskeftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofnun skal komið á fót, er annist eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, sem landað er til vinnslu, frá því að fiskurinn kemur í skip og þar til hann er tekinn til vinnslu.

Stofnun þessi nefnist Ferskfiskeftirlitið.